

## Verkefni 5 – Fylgiskjal 1

### Matur og Menning hf.

#### Punktur frá upphafsfundi 17. júlí 2020 – nýr viðskiptavinur

- Matur og Menning hf. (MM) er virt veitingahús í miðbæ Reykjavíkur. Veitingastaðurinn var opnaður á árinu 2008 og hefur síðan þá notið mikilla vinsælda. Sérstaða veitingahússins felst meðal annars í áhuga eigenda á hvers konar list og eru því oft listaverkasýningar í húsakynnum veitingastaðarins.
- Velta MM hefur aukist ár frá ári frá stofnun félagsins. Undanfarin ár hafa erlendir ferðamenn aukið komu sína á veitingastaðinn og var um 80% af veltu félagsins á árinu 2018 frá erlendum ferðamönnum. Á árinu 2019 fækkaði erlendum ferðamönnum talsvert, meðal annars vegna minnkandi sætaframboðs til landsins og falls WOW air. Launakostnaður hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og reyndist líffskjarasamningurinn félaginu sérstaklega erfiður. Launakostnaður jókst úr 30% af veltu við stofnun félagsins í um 50% á árinu 2019. Stjórnendur fóru strax á árinu 2019 að reyna ná fram kostnaðarhagræðingu í hinum ýmsu liðum. Meðalfjöldi starfa var 32 á árinu 2019 en hafði verið 39 á árinu 2018.
- Árið 2020 byrjaði vel en eftir að kórónaveiran (Covid-19) tók að herja hér á landi datt veltan strax niður. Stjórnendur lokuðu veitingastaðnum frá 20. mars til 31. maí. Þegar landið opnaði aftur 15. júní sl. jukust strax viðskiptin og fór velta félagsins frá 1. júní til 15. ágúst fram úr væntingum stjórnenda. Starfsmenn voru einnig verulega sáttir með sumarið því það var eins og erlendir ferðamenn, og reyndar einnig íslenskir gestir, vildu leggja sitt af mörkum til að bæta kjör starfsmanna með því að gefa þeim ríflegt þjóf fé í ljósi aðstæðna. Stjórnendur létu bæta við þjónustuleið hjá kortafyrirtækinu þannig að gestir gætu bætt þjóf fé ofan á heildarreikning frá MM sem MM leggur svo beint inn á bankareikning starfsmannafélagsins þegar greiðslurnar skila sér frá kortafyrirtækinu.
- Sala á veitingum samkvæmt bókhaldi félagsins er nær eingöngu greidd með kredit- og debitkortum. Kassakerfið er nýlegt og er sett upp á handtölvur með tengingu við Windows stýrikerfið. Starfsmenn geta tekið á móti pöntunum út í sal og skráist pöntunin í kassakerfið og prentast út í eldhúsi fyrir kokkana. Vaktstjórar gera upp kassann eftir lokun og senda uppgjörin beint í bókhaldskerfið. Talsvert er um leiðréttingar í lok dags í kassauppgjörinum þar sem færðir eru afslættir og leiðrétt mistök starfsmanna.
- Frá miðjum ágúst 2020 hefur veltan lækkað verulega og eru stjórnendur áhyggjufullir vegna næstu mánuða meðan Covid-19 herjar á heimsbyggðina. Þeir telja þó líklegt að þegar landið opnast aftur þá nái reksturinn sé fljótt á strik enda hefur MM verið einn allra vinsælasti veitingastaður landsins. Stjórnendur hafa nýtt sér lokunarstyrk, hlutabótaleið, stuðningslán, brúarlán og önnur úrræði stjórnvalda

til fyrirtækja. Síðustu vikur hefur verið reynt að semja við leigusala en ekki lítur út fyrir að samningar takist um lækkun leigu.

- Stjórnendur hafa eins og áður hefur komið fram reynt að draga úr kostnaði. Af þeim sökum var leitað eftir tilboðum í endurskoðun og var endurskoðunarfyrirtækið okkar með lágsta tilboðið. Því var skipt um um endurskoðendur í júlí 2020 vegna endurskoðunar ársreiknings 2019.
- Starfsmenn bókhaldsþjónustu fyrri endurskoðanda MM færðu bókhald félagsins frá stofnun til ársins 2018. Frá árinu 2019 hefur einn af eigendum félagsins fært bókhaldið. Það hefur gengið vel að sögn eiganda. Eigendur hafa sjálfir stillt upp drögum að meðfylgjandi ársreikningi fyrir árið 2019, sjá fylgiskjal 2.
- Stjórnendur sjá sjálfir um launavinnsluna sem er flókin. Flestir starfsmenn vinna eftir vaktaplönun og fylgir launavinnslunni mikið utanumhald um vaktir, breytingar á vöktum, útreikningur á álagsgreiðslum, yfirvinnu, orlofsréttindum, orlofstöku o.s.frv. Starfsmenn eru í mörgum stéttarfélögum og lífeyrissjóðum. Starfsmannaveita hefur verið töluverð eins og á svo mörgum öðrum veitingastöðum.
- MM á þrjú dótturfélög. Ekki hefur verið saminn samstæðureikningur vegna þeirra. Í skýringum með ársreikningi 2018 kemur fram að samstæðan í heild hafi ekki farið yfir stærðarmörk 68. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og því þurfi ekki að semja samstæðureikning. Þá var einnig vísað í heimild til að halda dótturfélögum utan samstæðureiknings í samræmi við 70. gr. ársreikningslaga vegna smæðar eða hömlunar á stjórnun þeirra þrátt fyrir að eignarhlutur fari yfir 50%.
- MM eignaðist 19% hlut í byggingarfélaginu LL hf. árið 2012 þegar fjölskylda eins eigenda MM stofnaði félagið. Félagið var lítið til að byrja með en eignaðist verðmæta lóð á árinu 2016. LL hf. hagnaðist verulega á viðskiptum á árinu 2019. LL hf. hefur aldrei verið endurskoðað en rætt hefur verið um að endurskoða þurfi félagið frá og með rekstrarárinu 2021.